

Borgarráð

***Fyrirhuguð ferð forseta borgarstjórnar á ársþing Eurocities í Ljubljana, Slóveníu, dagana 15.-17. nóvember 2017***

Fyrirhuguð er ferð forseta borgarstjórnar, Lífar Magneudóttur, á ársþing *Evrópuborga - Eurocities* sem haldið verður í Ljubljana í Slóveníu dagana 15. til 17. nóvember 2017.

Ársþingið ber að þessu sinni yfirskriftina *Circular Cities* og er megináhersla á umræðu um hið svokallaða hringrásarhagkerfi (e. Circular Economy). Í lýsingu á inntaki þingsins segir að hringrásarhagkerfið sé áhugaverður valkostur við hið línulega hagkerfi nútímans sem uppfyllir ekki samfélagsleg markmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda jarðar. Núverandi stig neyslunnar sé umfram það sem jörðin ráði, hlutfall þess sem er hent sé hærra en þess sem er endurunnið eða endurnýtt, og að afleiðingar á loftslag og umhverfi séu áþreifanlegar. Borgir séu ábyrgar fyrir aðgerðum til að stemma stigu við þessu og geti gegnt lykilhlutverki við að breyta neysluvenjum og stutt þannig við að uppfylla megi þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra neyslu og framleiðsluferla. Tilgangur ferðarinnar er að taka þátt í stjórn málaumræðum, málstofum og viðburðum tengdum yfirskrift þingsins en einnig er um að ræða hefðbundin aðalfundarstörf.

Dagskrá ársþingsing og nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu þess <http://www.eurocities2017.eu/programme>

Dagur B. Eggertsson

